

162

30. sept.

91. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

92. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

93. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Eskifjarðar-kaupþún nr. 87 frá 16. ágúst 1933.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

163

15. okt.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

Með deginum í dag gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 8. október 1941, og falla jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 8. október 1940, ásamt breytingu á þeirri lyfsöluskrá, útgefinni 18. febrúar 1941.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. október 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.